

Vegagerðin
Birgir Guðmundsson, umdæmisstjóri
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

2003020010
6609; 6612; 9310

Reykjavík, 18. mars 2003

**Efni: Aðaldalsvegur, Helgastaðir - Lindahlíð, Þingeyjarsveit og Aðaldælahreppi.
Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 4. febrúar 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um framkvæmdir við Aðaldalsveg samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Aðaldælahrepps, Þingeyjarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra. Umsagnir bárust frá Aðaldælahreppi með bréfi dags. 11. febrúar 2003, Þingeyjarsveit með tölvupósti dags. 20. febrúar 2003, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 14. febrúar 2003, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. febrúar og 7. mars 2003 og veiðimálastjóra með bréfi 17. febrúar 2003.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 19. og 27. febrúar og 10. mars 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Vegagerðin áformar að endurgera hluta Aðaldalsvegar, nr. 845 milli Helgastaða í Þingeyjarsveit og Lindahlíðar í Aðaldælahreppi. Kaflinn er tæplega 6 km langur og liggur alls staðar innan vegsvæðis núverandi vegar. Mesta hliðrun miðlínu er 8,3 m og á sér nær eingöngu stað þar sem verið er að minnka krappa á beygjum. Áætluð efnispörf í veginn er um 54.000 m³ og verður stærstur hluti efnisins, eða um 30.000 m³, tekinn úr námu við Hólkot en það sem eftir stendur skiptist milli skeringa og annarra náma. Vestmannsvatn er friðlýst svæði skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 30/1977 og fellur jafnframt undir landslagsgerð sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Neikvæð áhrif framkvæmdarinnar felast aðallega í því að vegfyllingar munu ná lengra út í Vestmannsvatn en nú er. Fyllingar verða hafðar eins brattar og hægt er svo þær nái sem styst út í vatnið. Við

framkvæmdina mun grugg í vatninu aukast tímabundið við framkvæmdasvæðið, gróðurlendi skerðast og landslagsmyndin breytast lítils háttar. Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla á framkvæmdatíma.

Fram kemur að Vegagerðin muni stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft. Allur akstur tækja verður bannaður utan vegsvæðis á verktíma nema að námu. Í útboðsgögnum mun m.a. koma fram að ekki verði leyft að geyma mengandi efni eða reisa vinnubúðir á friðaða svæðinu. Vegagerðin mun græða upp fyllingar og vegskeringar í veglínunni og ganga frá námum þar sem efnistaka vegna framkvæmdarinnar fer fram í samráði við Umhverfisstofnun og landeigendur. Byggð verði undirgöng fyrir sauðfé í nágrenni stöðvar 8900 í samráði við landeigendur. Girt verður að nýju þar sem hróflað er við girðingum meðfram veginum.

Tilgangur framkvæmdanna er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur um Aðaldalsveg. Með framkvæmdunum er síðasti hluti Aðaldalsvegar lagður bundnu slitlagi. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð áhrif á umhverfið.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum sveitarstjórna Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og veiðimálastjóra kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að upplýsingarnar séu ófullnægjandi til að unnt sé að taka afstöðu til mats skyldu framkvæmdarinnar.

Verndarsvæði og fuglalíf. Í umsögn Þingeyjarsveitar er bent á nauðsyn þess að farið sé með gát með framkvæmdir á friðlýstum stöðum. Umhverfisstofnun bendir á að Aðaldalsvegur liggja að hluta til um friðlandið Vestmannsvatn, þar af séu tæplega 2 km innan friðlandsins. Vestmannsvatn og svæðið þar umhverfis beri fjölbreytt og auðugt gróðurfar og þar sé einnig fjölskrúðugt fuglalíf. Umhverfis vatnið séu margir malarásar og liggja núverandi vegur eftir einum slíkum. Vestmannsvatn ásamt nærliggjandi ám, lækjum, tjörnum og votlendi sé á skrá alþjóða fuglaverndarsamtakanna (BirdLife International) yfir mikilvæg fuglasvæði (Important Bird Areas), m.a. þar sem um er að ræða búsvæði flórgoða sem sé á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem tegund í yfirvofandi hættu. Færsla vegarins lengra út í Hólkotstjörn og Vestmannsvatn muni skerða búsvæði flórgoðans en svæðið sé eitt af mikilvægustu búsvæðum flórgoða hér á landi. Umhverfisstofnun telur að afla verði ítarlegri upplýsinga um hugsanleg áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á varpsvæði og fæðuöflunarsvæði fugla áður en hægt sé að meta hvort framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, ekki síst í ljósi þess að framkvæmdin muni skerða varpsvæði fuglategundar sem er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Enn fremur sé ekki ljóst hvaða áhrif framkvæmdir gætu haft á aðrar fuglategundir. Umhverfisstofnun bendir á að með mótvægisáðgerðum sé hægt að halda tímabundnum áhrifum af ónæði vegna framkvæmdarinnar í lágmarki, með því að framkvæmdir fari fram utan varptíma.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að nánar hafi verið kannað hvort eitthvað væri hægt að

gera til að draga úr hugsanlegum áhrifum á fuglalíf. Hreiðurstæði flórgoða voru merkt inn á loftmynd og mörk vatnsborðs Vestmannsvatns og Hólkotstjarnar. Fram kemur að talið sé að varptíminn hefjist um miðjan maí og ungar séu komnir á stjá um miðjan júní. Yfirleitt verpi flórgoðinn tveimur eggjum en oft komist aðeins annar unginn á legg. Fuglinn haldi sig innan um tjarnarstörina það sem eftir er sumars.

Fram kemur að Vegagerðin sé reiðubúin til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á flórgoða og búsvæði hans með eftirfarandi hætti:

- Framkvæmdir munu verða í lágmarki á milli stöðva 7000 og 7400 á varptíma, frá 15. maí til 15. júní. Vegurinn verður notaður til efnisflutninga á þessum tíma en að öðru leyti verður honum ekki raskað.
- Vegflái verður gerður brattari þar sem fyllingar ná út í tjarnarstararflóa, verður 1:2 í stað 1:2,5 beggja vegna vegar á milli stöðva 6980-7600. Við þessar aðgerðir munu vegfyllingar ná mest 3,3 m út í flóann við stöð 7080 og 3,6 m út í flóann við stöð 7500.

Í síðari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að með ofangreindri breytingu á hönnun vegarins og skilyrði um framkvæmdatíma verði dregið úr hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á flórgoða og búsvæði hans. Stofnunin bendir þó á að hreiður flórgoða geti verið á mismunandi stöðum í stararbreiðum á milli ára og ekki um fasta varpstaði að ræða eins og lesa mátti í gögnum Vegagerðarinnar. Einnig bendir stofnunin á að varptími flórgoða sé frá lokum maí og fram í byrjun eða fyrri hluta júlí. Því sé ekki líklegt að ungar verði komnir upp um miðjan júní. Umhverfisstofnun telji nauðsynlegt að fylgst verði með varpi flórgoða og komi í ljós að flórgoði hafi gert sér hreiður í fyrirhuguðu vegstæði verði gerðar ráðstafanir til að færa það.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að fylgst verði með varpi flórgoða við Vestmannsvatn vorið 2003. Ef í ljós komi að flórgoðinn hafi gert sér hreiður í fyrirhuguðu vegstæði verða gerðar ráðstafanir til að færa það. Jafnframt hafi verið ákveðið að lengja þann tíma sem framkvæmdir verði í lágmarki í nágrenni hreiðurstæða flórgoðans þ.e. á milli stöðva 7000-7400 á tímabilinu 15. maí -1. júlí. Á þeim tíma verði vegurinn notaður til efnisflutninga en ekki raskað að öðru leyti.

Fiskur. Veiðimálastjóri bendir á nauðsyn á samráði við embættið ef framkvæmdin þróast þannig að hún kunnir að hafa áhrif á lífríki eða hlunnindi af veiðiskap. Einnig er minnt á nauðsyn þess að tryggja að ræsi vegna smærri vatnsfalla verði fiskgeng.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbyggingu 6 km kafla Aðaldalsvegar í þeim tilgangi að auka umferðaröryggi og ljúka lagningu bundins slitlags á Aðaldalsveg. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaður vegur mun fylgja eldri vegi utan þess að krappi beygja verður minni og verður hámarksfærsla miðlínu vegar 8,3 m af þeim sökum. Hluti framkvæmdanna er innan friðlandsins við Vestmannsvatn en svæðið er eitt af varpsvæðum flórgoðans.

Skipulagsstofnun telur að með yfirlýsingu Vegagerðarinnar um brattari vegfláa á kaflanum milli Vestmannsvatns og Hólkotstjarnar í votlendinu og að framkvæmdum verði haldið í lágmarki á varptíma á svipuðum stað sé komið til móts við þau sjónarmið að reynt verði að raska sem minnst varpi flórgoðans.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging Aðaldalsveggar milli Helgastaða í Þingeyjarsveit og Lindahlíðar í Aðaldælahreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Leita þarf meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfa skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 22. apríl 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit:

Umhverfisráðuneytið, Aðaldælahreppur, Þingeyjarsveit, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri.